

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Kiðjaberg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á skilmálum frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6. september 2007 breytingu á skilmálum deiliskipulags Kiðjabergs, orlofs- og sumarhúsasvæðis Meistarafélags húsasmiða. Í breytingunni felst að gerð er breyting á skilmálum er varða stærð og útlit húsa, h-liður í greinargerð.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2007